

Apótek Keflavíkur	Kl.
Mánudaga—föstudaga .....	9—19
Laugardaga, helgidaga og almenna frídaga .....	10—12
Hafnarfjarðar Apótek og Apótek Norðurbæjar	
Mánudaga—föstudaga .....	9—18:30

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis eina viku í senn um helgar og á almennum fríðögum sem hér segir:

Laugardaga .....	10—13
Sunnudaga, helgidaga og almenna frídaga .....	10—12

Vaktþjónusta skv. þessu hefst á laugardögum.

Lyfjabúðir skulu sjá læknum fyrir lyfjum í vakttösku, skv. nánara samkomulagi við héraðslækninn í Hafnarfirði.

#### Kópavogs Apótek

Mánudaga—föstudaga .....	9—19 á tímabilinu 1. október til 31. maí
Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag .....	9—12

Á tímabilinu 1. júní til 30. september er heimilt að loka á laugardögum. Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Jafnframt eru felldar úr gildi auglýsingar sama efnis nr. 30 og 95/1973, nr. 275/1974, nr. 315 og 433/1975, nr. 38; 285; 341 og 382/1976, nr. 159; 298; 413; 414 og 415/1977, nr. 104/1980, nr. 576/1981 og nr. 91/1982.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1983.*

F. h. r.  
Jón Ingimarsson.

*Ingolf J. Petersen.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á deiliskipulagi Setbergshverfis í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 31. janúar 1983 staðfest deiliskipulag Setbergshverfis í Hafnarfirði. Deiliskipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1983.*

F. h. r.  
Hallgrímur Dalberg.

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*